



Fundargerð

Sameiginlegur fundur framkvæmdastjórnar og félagastjórnar Sósíalístaflokks Íslands mánudaginn 15. febrúar 2021 kl. 20:00 í Bolholti 6 og á Zoom fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Védís Guðjónsdóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Katrín Baldursdóttir, Laufey Líndal Ólafsdóttir, Viggó K. Jóhannsson og Guðmundur Auðunsson.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur ekki verið samþykkt.

2. Rýnihópar og rýnikönnun, undirbúningur

Rætt var um framkvæmd fundanna um næstu helgi.

3. Skuggaráðuneyti alþýðunnar

Stofna á hugveitur til að fjalla um mismunandi málefni.

4. Manifestó baráttuhópa

Verið er að vinna í þeim, t.a.m. ungir sósíalistar og femínískir sósíalistar.

5. Stjórnmalaskóli sósíalista (fyrir fólk sem vill bera uppi starfið)

Stofna á „skóla“ m.a. fyrir þá sem stefna að framboði.

6. Kosningasjóður

Aðrir flokkar eiga dígra sjóði. Gera á fólk kleift að borga aukalega í kosningasjóð okkar með áskrift fram að kosningum eða eingreiðslu.

7. Fyrsti fundur endurreistrar kjörnefndar

Rætt var um framkvæmd fundarins.

8. Maístjarnan

Það á eftir að finna nafn sem RSK samþykkir.

9. Mönnun stjórna

Fækkað hefur í framkvæmdastjórn undanfarna mánuði og kominn tími til að endurmannna.

10. Fjármál flokksins

Flokkurinn: 1.939.746 kr., kosningasjóður: 1.032.980 kr., Maístjarnan: 2.742.533 kr., bankatrygging
Maístjörnu fyrir leigu húsnæðis: 1.200.000 kr.

11. Önnur mál

Umræða var um að öryggisafrit þyrfti að vera til fyrir stafrænt efni flokksins.